

Olíudreifing ehf  
Hólmaslóð 8 - 10  
101 Reykjavík

Reykjavík, 18.9.2024  
UST202401-281/F.T.  
08.06.02

## Efni: Samþykkt úrbótaáætlun vegna frávíka í eftirliti

Umhverfisstofnun vísar í bréf sitt frá 11.6.2024, þar sem fram kom að frávik hefðu verið skráð í eftirliti vegna lokunar í olíubirgðastöð Olíudreifingar ehf., Siglufirði. Þann 23. maí 2024.

### Frávikin eru eftirfarandi:

1. Gr. 1.5 í starfsleyfi. Minnt var á skil á áætlun um hreinsun jarðvegs við síðasta eftirlit árið 2021, skv. VL 4.2.6.4, sú áætlun hefur enn ekki borist eftirlitsaðila, einungis EB 4.2.6.2 sem er gátlisti v. hreinsunar birgðastöðvar við rekstrarstöðvun. Áætlun vegna hreinsunar jarðvegs vantar. **Rekstraraðili hefur sent stofnuninni umbeðin gögn.**

2. Gr. 2.4 í starfsleyfi. Ábending var sett fram í síðasta eftirliti, árið 2021 er varðar hreinsun á olíuskilju. Olíuskiljan var hreinsuð þegar stöðinni var lokað en fylgjast þarf með skiljunni reglulega þar sem hún stendur óvarin og aðgengileg öllum. Hreinsun skilju hefur ekki farið fram og reglulegt eftirlit er ekki haft með skilju. **Olíuskilja hefur verið yfirfarin og henni hefur nú verið læst svo ekki er hægt að losa í hana án vitundar rekstraraðila.**

3. Gr. 4.6 í starfsleyfi. Rekstraraðili skal halda athafnasvæði sínu snyrtilegu en girðingar lágu niðri og rusl var á lóðinni og þarf rekstraraðili að huga að tiltekt þar á. **Girðing hefur verið tekin niður og tekið til á lóð.**

**Umhverfisstofnun fellst á úrbótaáætlun rekstraraðila en úrbætur vegna frávíkanna verða teknar út í næsta eftirliti Umhverfisstofnunar.**

Verði frávikum ekki lokið eða ef áætlun um úrbætur gengur ekki eftir mun Umhverfisstofnun halda áfram með eftirfylgni þaðan sem frá var horfið.

Umhverfisstofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllst

Stella Árnadóttir  
sérfræðingur

Frigg Thorlacius  
lögfræðingur